



Samkeppniseftirlitið  
b.t. Magnúsar Þórs Kristjánssonar  
Borgartún 26  
Pósthólf 5120  
125 Reykjavík

Reykjavík, 9. janúar 2018

**Efni: Kvörtun Gámaþjónustunnar hf.**

Vísað er til bréfs Samkeppniseftirlitsins frá 15. desember sl. þar sem gerð er grein fyrir stöðu rannsóknar á máli sem hófst með kvörtun Gámaþjónustunnar hf. 8. júlí 2013. Þá er í bréfinu jafnframt farið yfir feril þess máls sem umbjóðandi minn, Sorpa bs., höfðaði til ógildingar á úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 1/2013 og lauk með dómi Hæstaréttar 2. febrúar 2017.

Í bréfi eftirlitsins er gerð grein fyrir því frummati, í ljósi tilgreinds dóms Hæstaréttar, að sú háttsemi sem fjallað er um í erindi Gámaþjónustunnar frá 8. júlí 2013 geti fallið undir gildissvið 11. gr. samkeppnisлага. Er óskað sjónarmiða umbjóðanda míns um áhrif dómsins á þetta tiltekna stjórnsýslumál og hvort fyrirtækið telji tilefni til að endurskoða gjaldskrá með hliðsjón af niðurstöðu dómsmálsins.

Eins og rakið er í bréfi Samkeppniseftirlitsins þá var komist að þeirri niðurstöðu í dómi Hæstaréttar að umbjóðandi minn teldist fyrirtæki sem stundi atvinnurekstur í skilningi 1. og 2. tl. 4. gr. samkeppnisлага. Var jafnframt talið að umbjóðandi minn hafi verið í markaðsráðandi stöðu á markaði fyrir flokkun og meðhöndlun úrgangs annars vegar og markaði fyrir förgun úrgangs hins vegar. Umbjóðandi minn er bundinn af þessari niðurstöðu dómsins en af henni leiðir m.a. að ákvæði 11. gr. samkeppnisлага getur tekið til ákvarðana sem teknar eru í rekstri umbjóðanda míns, að því tilskyldu að hann teljist enn ráðandi á umræddum mörkuðum og önnur skilyrði ákvæðisins séu uppfyllt.

Í dómi Hæstaréttar var talið að háttsemi umbjóðanda míns sem til skoðunar var í málinu mætti jafna til þeirrar sem lýst er í c. lið 2. mgr. 11. gr. samkeppnisлага, en í málinu hafði einvörðungu verið byggt á því að háttsemin færí gegn tilgreindu ákvæði laganna. Til að því sé haldið til haga þá telur umbjóðandi minn ljóst að þessi túlkun Hæstaréttar á inntaki umrædds c. liðar sé andstæð skýringu EFTA dómstólsins og Evrópusómstólsins á samhljóða ákvæði í EES/EB rétti. Umbjóðandi minn vísar í því sambandi m.a. til ráðgefandi álits EFTA dómstólsins sem aflað var við rekstur dómsmálsins, sem og sjónarmiða Eftirlitsstofnunar EFTA og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins sem reifuð eru í álitinu. Dómur Hæstaréttar leiðir því að mati umbjóðanda míns til talsverðrar réttaróvissu um þetta efni.



Að því er gjaldskrá umbjóðanda míns varðar þá verður ekki séð að dómur Hæstaréttar gefi sérstakt tilefni til endurskoðunar. Eins og rakið er í fyrri bréfaskiptum milli umbjóðanda míns og eftirlitsins, sbr. m.a. svarbréf umbjóðanda míns frá 2. september 2013, þá var gjaldskrá byggðasamlagsins endurskoðuð í kjölfar ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins í máli nr. 34/2012. Var það gert í því skyni að tryggja að viðskiptakjör væru almenn, gagnsæ og hlutlæg þannig að aðilar sem eiga í samskonar viðskiptum njóti sambærilegra kjara. Sú endurskoðun leiddi m.a. til þess að afslættir sem áður höfðu verið við lýði voru aflagðir.

Við ákvörðun gjaldskrár leitast umbjóðandi minn við að tryggja að hún endurspegli raunkostnað byggðasamlagsins að frádregnum tekjum af sölu endurvinnsluafurða. Þar sem gjaldtaka umbjóðanda míns telst til þjónustugjalds þá þarf hann hins vegar að gæta þess að gjaldtaka fari ekki umfram raunkostnað. Að þessu leyti, sem og vegna margþættra skyldna sem hvíla á umbjóðanda mínum að lögum, þá er reyndin sú að gjaldskráin getur ekki fylgt lögmálum markaðarins. Þá leiðir af eðli þessarar starfsemi að nær útilokað er að sjá fyrir af nokkurri nákvæmni magn úrgangs í einstökum flokkum.

Umbjóðanda mínum er umhugað um að haga starfsemi sinni að öllu leyti í samræmi við lög. Við meðferð þessa máls hefur umbjóðandi minn leitast við að upplýsa eftirlitið um alla þætti starfseminnar, bæði skriflega og á fundum. Umbjóðandi minn telur mjög æskilegt að eiga frekara samtal um þetta efni við starfsmenn Samkeppniseftirlitsins og er reiðubúinn til fundar, sbr. ósk um það efni í bréfi eftirlitsins.

Virðingarfullst,

Hörður Felix Harðarson, hrl.